

Ráðherra, ágætu gestir

Verið hjartanlega velkomin á Stefnumót við sjávarútveginn. Þetta er í fjórða sinn sem við í Háskólanum eigum stefnumót sem þetta við lykilfólk úr íslenskum sjávarútvegi og mig langar að hrósa Ástu Dís Óladóttur fyrir frumkvæðið og skipulagninguna. Metnaður hennar og kraftur í þessum málaflokki skiptir Háskóla Íslands miklu máli.

Ef það er einhver íslensk atvinnugrein sem er sannarlega á heimsmælikvarða, þá er það sjávarútvegurinn okkar. Hvort sem litið er til reynslu, arðsemi, nýsköpunar eða sjálfbærni, þá höfum við nú um nokkurt skeið verið meðal fremstu þjóða. Það er að mínu mati ekki tilviljun. Ein af lykilforsendunum er farsælt samstarf atvinnulífsins og Háskólans. Samstarf sem byggir á reynslu þeirra sem þekkja rekstur og útgerð annars vegar og sérfræðikunnáttu þeirra sem hafa rannsakað hér við Háskóla Íslands hins vegar. Úr þessu samstarfi hafa orðið til fjölmargir spennandi sprotar. Og margir þessara sprota hafa orðið burðarásar í íslensku atvinnulífi. Og ekki sér fyrir endan á því.

Velgengni íslensks sjávarútvegs endurspeglar þess vegna svo vel kosti, og mikilvægi þess að atvinnulífið og Háskólinn eigi virkt samtal og vinni vel saman.

Þess vegna er ég afar þakklátur fyrir að fá vera hér á þessu stefnumóti við sjávarútveginn og hlakka til að heyra erindin sem hér á eftir verða flutt.

Fyrir ykkur sem ekki eru nemendur Ástu Dísar, langar mig að segja ykkur örstutt frá námskeiðinu sem þetta stefnumót er hluti af.

Rekstur í sjávarútvegi er þverfaglegt valnámskeið á meistarastigi sem hófst 2018, en bæði BS og MSc nemendur úr mismunandi deildum skólans stunda nám í námskeiðinu.

Áhersla er lögð á mikið samstarf við samfélagið og atvinnulífið í námskeiðinu. Nemendur vinna margir raunverkefni fyrir fyrirtæki og aðila í atvinnugreininni og í venjulegu árferði eru fyrirtæki heimsótt. Gestir frá sjávarútvegsfyrirtækjum koma í tíma og tengja fræðin við starfsemi sína. Að þessu sinni hafa gestir frá Vinnslustöðinni og Vísi komið í tíma og tengt fræðin við starfsemi fyrirtækjanna, sýnt nemendum inn í vinnslusali sína og hvernig fjórða iðnbyltingin hefur rutt sér rúms í sjávarútvegi

Ásta Dís Óladóttir, dósent við Viðskiptafræðideild skipuleggur námskeiðið og kennir en fær til liðs við sig nokkra af helstu sérfræðingum landsins í málaflokknum til kennslu. Má þar nefna Ágúst Einarsson, Ólaf Ragnar Grímsson, Ragnar Árnason og Sigurjón Arason.

Þau Ásta og Ágúst skrifuðu nýlega bók saman: *Fisheries and aquaculture; the food security of the future* sem Academic Press gaf út í september í fyrra.

Við erum afar stolt af þessu námskeiði hér í Háskólanum og ég vil ítreka þakkir mínar til Ástu Dísar fyrir metnað sinn og fagmennsku við skipulagningu og framkvæmd þessa námskeiðs.

Þá vil ég líka þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn, sérstaklega þeim fjölmörgu sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa tekið þátt í þessu námskeiði og deilt af reynslu sinni og þekkingu.

En að því sögðu óska ég ykkur góðs gengis í dag og býð Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur ráðherra ferðamála, iðnaðaðar og nýsköpunar orðið.